

***Endurákvörðun aðflutningsgjalda**
***Innflutningur á hjámiðjum**
***Tollflokkun**

Úrskurður nr. 8/1998.

Í málinu endurákvörðaði tollstjóri aðflutningsgjöld af hjámiðjum með innbyggðum loka úr kopar (messing). Ágreiningslaust var milli innflytjanda og tollstjóra að tollflokkun hinna endurákvörðuðu vörusendinga í tnr. 3917.4000 hafi verið röng. Tollstjóri tollflokkaði vöruna á ný í tnr. 8481.8000 sem loka. Innflytjandi gerði ágreining um þessa ákvörðun tollstjóra og taldi að flokka bæri vöruna í tnr. 7412.2000 sem tengi. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra.

Lög nr. 55/1987, 99. gr., 100. gr. og 101. gr., almennar túlkunarreglur 1 og 3b.

Lög nr. 81/1998, 13. gr.

Með bréfi, dags. 3. nóvember 1998, kærir A þá ákvörðun tollstjórans í R að endurákvörða gjöld af 12 vörusendingum sem innihéldu hjámiðjur úr kopar með innbyggðum loka.

Í kærinni kemur m.a. fram að fyrirtækið hafi flutt inn hjámiðjur þessar í all nokkur ár og tollflokkað þær í tnr. 3917.4000. Við nánari skoðun sé það ljóst að það var ranglega tollflokkað. Þetta hafi á engan hátt verið gert af ásetningi, hins vegar vill kærandi benda á að þetta er tengistykki, notað til tenginga á blöndunartækjum og er það meginhlutverk tengisins að tengja saman pípulögn, þannig að vel falli saman, ásamt rósettu, sem felur rörbúnað í vegg. Hins vegar er í umræddu tæki loki, sem hefur það hlutverk að gera mögulegt að loka fyrir rennsli til blöndunartækis í tilfelli hreinsana og viðgerða og þarf til þeirrar breytingar verkfæri (skrúfjárn).

Kærandi telur að það hljóti að vera tilgangur tollalaga að tollflokka hluti skv. megintilgangi hans, þar sem hjámiðjan sé ótvírætt tengi (union) þótt í henni sé aukabúnaður til að auka þægindi við notkun. Hann álitur að það skuli tollflokka vöru þessa sem tengi, þ.e. í tollflokk 7412.2000 þar sem megintilgangur vörunnar sé að tengja saman pípulögn og blöndunartæki. Hann telur ekki rétt að flokka hana í tnr. 8481.8000 sem loka eins og tollstjóri ákvarði, lokinn sé aukabúnaður til að auka þægindi við notkun.

Í bréfi sem tollstjóri sendi kæranda hinn 8. september 1998 segir m.a.: „Fyrirhuguð endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna innflutnings á tengihlutum (hjámiðjum) úr járni með lokum, sem fyrirtækið hefur tollflokkað í 3917.4000.

Embættið hefur haft til endurskoðunar tollafgreiðslu fyrirtækisins á ofangreindri vöru og álitur tollflokkun ranga. Að áliti embættisins er eftirfarandi tollflokkun rétt:

Vörulýsing	Tollflokkun
Hjámiðjur með loka	8481.8000

Neðangreindar sendingar innihalda þessa vöru og hafa verið ranglega tollflokkaðar:

E-BAK-27-09-5-DK-CPH-R017	E-DET-04-10-5-DK-CPH-R013
E-BAK-06-03-6-DK-CPH-W375	E-HAN-05-06-6-DK-CPH-W323
E-BRU-05-11-6-DK-CPH-W318	E-BRU-11-03-7-DK-CPH-W318
E-BRU-22-04-7-DK-CPH-W316	E-BRU-06-05-7-DK-CPH-W313
E-HAF-13-05-7-DK-CPH-W346	E-BRU-27-01-8-DK-CPH-W340
E-VIK-10-12-6-DK-CPH-W373	E-DET-19-04-5-DK-CPH-W346

Tollflokkun þessi er byggð á Almennum reglum um túlkun tollskrár.“

Kæranda var gefinn 15 daga frestur til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Í bréfi tollstjóra, dags. 15. október 1998, þar sem kæranda var tilkynnt um endurákvörðunina segir svo:

„Samkvæmt bréfi embættisins, dags. 8. september 1998, var fyrirtækinu tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda á hjámiðjum úr járni með lokum sem fyrirtækið flokkaði ranglega í tollskrárnúmer 3917.4000 í stað 8481.8000. Í bréfinu var fyrirtækinu gefinn kostur á andmælum samkv. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Nú er sá frestur liðinn án andsvara af hálfu fyrirtækisins og hefur því embættið endurákvörðað aðflutningsgjöld eftirfarandi aðflutningsskýrslna:

vörugj.

vsk.

samtals

E Bak 27 09 5 Dk Cph R017	33.500	8.208	41.708
E Bak 06 03 6 Dk Cph W375	33.815	8.285	42.100
E Bru 05 11 6 Dk Cph W318	38.408	9.410	47.818
E Bru 22 04 7 Dk Cph W316	37.682	9.232	46.914
E Haf 13 05 7 Dk Cph W346	38.108	9.336	47.444
E Vik 10 12 6 Dk Cph W373	38.658	9.471	48.129
E Det 04 10 5 Dk Cph R013	34.033	8.338	42.371
E Han 05 06 6 Dk Cph W323	34.851	8.538	43.389
E Bru 11 03 7 Dk Cph W318	37.721	9.242	46.962
E Bru 06 05 7 Dk Cph W313	36.255	8.882	45.137
E Bru 27 01 8 Dk Cph W340	35.769	8.763	44.532
E Det 19 04 5 Dk Cph W346	33.131	8.117	41.248
Samtals	431.931	105.822	530.373

Samtals vangreidd gjöld 530.373 kr. Auk þess greiðast dráttarvextir frá tollafgreiðsludegi. Endurákvörðun þessi er byggð á heimild í 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.“

Ríkistollanefnd sendi kærana til ríkistollstjóra og óskaði eftir skriflegri kröfugerð hans.

Í kröfugerð ríkistollstjóra í málinu, dags. 18. nóvember 1998, segir m.a. að tollstjóri hafi ekki, í bréfi til fyrirtækisins, dags. 8. september 1998, tilgreint á hvaða rökum sú staðhæfing hans byggir að um hafi verið að ræða ranga tollflokkun umræddra sendinga. Því megi segja að andmælaréttur hafi verið brotinn á kæranda, þ.e. honum er ekki gefinn kostur á að tjá sig um þau atriði, sem tollstjóri byggði endurákvörðun sína á.

Þá segir í kröfugerð ríkistollstjóra að úrskurður tollstjóra sé órökstuddur þrátt fyrir skýr fyrirmæli 4. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 13. gr. laga nr. 81/1998.

Þá vekur hann athygli á að í vörulið 7412 flokkast leiðslu- og píputengi úr kopar. Samsvarandi vöruliður fyrir leiðslu- og píputengi úr járn og stáli er 7307. Ennfremur að um flokkun blandaðra eða samsettra vara fari eftir 3. almennu túlkunarreglu tollskrárinnar. Túlkunarregla 3. b. kveði m.a. á um að vörusamstæður skuli flokka eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkenni vöruna, enda verði slíku mati við komið. Ríkistollstjóri telur að ekki fari milli mála að píputengið með lokanum, hjámiðjan, sé það sem helst einkennir vöruna í heild enda sé það langviðamesti hluti vörunnar og sá sem gegnir meginhlutverki hennar.

Þá segir „Samkvæmt 1. almennu túlkunarreglu tollskrárinnar ber að flokka vöru eftir orðalagi vöruliða og athugasemdum við tilheyrandi flokka og kafla. Leiðslu- og píputengi falla í mismunandi kafla í flokk XV í tollskrá eftir efni þeirra, t.d. í vörulið 7307 úr járn og stáli og í vörulið 7412 úr kopar. Við flokkinn er hins vegar frávísunarathugasemd, númer 1. f., sem vísar frá flokknum vörum í flokki XVI (vélbúnaði, vélrænum tækjum og rafmagnsvörum). Lokar eru vélræn tæki sem meðal annars flokkast í þann flokk og er þar með frávísað úr flokki XV. Því til stuðnings má benda á frávísunarathugasemdir við vöruliði 7307 og 7412 á bls. 1107 og 1139 í skýringarbókum Alþjóðatollastofnunarinnar þar sem leiðslu- og píputengjum búnum loka er vísað í vörulið 8481.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið, er ríkistollstjóri sammála niðurstöðu tollstjóra um tollflokkun. Með vísan til þeirra forsendna sem raktar eru hér að framan, er þess krafist að staðfest verði að umrædda vöru skuli tollflokka í tnr. 8481.8000 skv. almennum túlkunarreglum tollskrárinnar númer 1 og 3. b., orðalagi vöruliðar 8481 og sbr. athugasemd 1. f. við flokk XV.“

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og farið yfir þau gögn sem fylgdu málinu. Vara sú sem hér er deilt um tollflokkun á er flutt inn í setti sem samanstendur af hjámiðju, sem er píputengi úr krómuðu messing snittað á báðum endum. Innbyggt í hana er kúluloki úr kopar sem hægt er að loka utanfrá með skrufjárn, þá fylgir þéttihringur og rósetta úr plasti. Lokinn er innbyggður til hægðarauka til að loka fyrir vatn ef fjarlægja þarf blöndunartæki.

Í kröfugerð ríkistollstjóra í málinu er því haldið fram að kæranda hafi í raun ekki verið gefinn kostur á að tjá sig raunverulega um þau atriði sem endurákvörðunin byggir á þar sem hin breytta tollflokkun er ekki rökstudd.

Í bréfi tollstjóra frá 8. september 1998 til innflytjanda segir að rétt tollflokkun sé 8481.8000 og sé byggð á Almennum reglum um túlkun tollskrár. Kæranda var gefinn kostur á í þessu bréfi að koma með andmæli gegn fyrirhugaðri breyttri tollflokkun en hann nýtti sér það ekki.

Ríkistollanefnd tekur undir með ríkistollstjóra að bréf tollstjóra, dags. 8. september 1998, hafi ekki fullnægt skilyrðum 3. og 4. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 um að vera rökstutt og að fram komi á hvaða forsendum tollstjóri byggir fyrirhugaða endurákvörðun sína. Hins vegar telur nefndin að þrátt fyrir þessa annmarka hafi andmælaréttur ekki verið brotinn á kæranda, enda gafst honum kostur á að tjá sig um málið. Þá er og á það að líta að hvorki ríkistollstjóri sem æðra stjórnvald tollstjóra né kærandi sjálfur hafa haft uppi kröfur fyrir ríkistollanefnd að endurákvörðun verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd telur að með vísan til 2. tölul. 5. mgr. 99. gr. tollalaga að endurákvörðun gjalda geti átt sér stað í þessu máli þrátt fyrir að hinn almenni 60 daga frestur til endurákvörðunar

sé löngu liðinn, enda virðast aðilar máls þessa sammála um að tollflokkunin 3917.4000 hafi augljóslega verið röng. Rétt er að undirstrika að í málum sem þessu, þar sem stjórnvald er að taka íþyngjandi ákvörðun sem tekur til tollafgreiðslna langt aftur í tímann er brýnt að stjórnvald geri aðila máls skilmerkilega grein fyrir fyrirhuguðum breytingum og rökstyðji þær, þannig að aðila máls sé veitt færi á að tjá sig um málið áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Með kærinni fylgdu ekki tollskjöl þau sem endurákvörðunin byggir á og upp eru talin í bréfum tollstjóra. Þó er ljóst að samlagning er ekki rétt á þeim upphæðum sem þar eru fram settar. Í heildarniðurstöðu tollstjóra eru vantalin aðflutningsgjöld sögð 530.373 kr. en eiga að vera 537.753 kr. Þar sem formleg endurákvörðun tollstjóra liggur fyrir ber þó að miða töluna við 530.373 kr.,- enda verður að líta svo á að, um endanlega kröfugerð tollstjóra sé að ræða.

Ríkistollanefnd staðfestir tollflokkun tollstjóra á vörunni í tnr. 8481.8000 með vísan til rökstuðnings ríkistollstjóra.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. 4. mgr. og 2. tölul. 5. mgr. 99. gr. sömu laga og Almennra túlkunarreglna tollskrárinnar númer 1. og 3. b., sbr. og athugasemd 1. f. við XV flokk tollskrár ber að tollflokka hjámiðju með loka í tnr. 8481.8000. Endurákvörðun tollstjóra, dags. 15. október 1998, er staðfest.